


Hjólreiðaslys á Íslandi

Sævar Helgi Lárusson, verkfræðingur
Ármann Jónsson, læknir
Ágúst Mogensen, afbrotfræðingur
Brynjólfur Mogensen, læknir

Hjólreiðar hafa á undanförunum árum notið aukinna vinsælda í samfélaginu. Til að mynda hefur þátttakendum í átakinu hjólað í vinnuna fjölgað umtalsvert á undanförunum árum. Árið 2004 voru um 2500 skráðir til leiks en árið 2011 voru þáttakendur rúm 11 þúsund.



Mynd 1: Fjöldi slasaðra hjólreiðamanna skv. slysaskrá Umferðarstofu.

Samkvæmt slysaskrá Umferðarstofu hefur hjólreiðaslysum fjölgað undanfarin ár. Umferðarstofa byggir slysaskráningu sína á gögnum frá Lögreglu. Erlendar rannsóknir sýna, að stór hluti slasaðra hjólreiðamanna sem leita á slysadeild til aðhlyningar, gera það án íhlutunnar lögreglu [Bjørnskau, 1993]. Því lék grunur á að fjöldi slasaðra

hjólreiðamanna á Íslandi væri meiri en tölur Umferðarstofu gefa til kynna.


Í þessari rannsókn var, að fengnu leyfi Persónuverndar og Vísindasiðanefndar, farið yfir slys hjólreiðamanna sem skráðir eru í grunn Landspítala Háskólasjúkrahús (NOMESCO kerfið). Farið var yfir áverka hinna slösuðu og þeir kóðaðir eftir alþjóðlega áverkakóðunarkerfinu AIS (e. abbreviated injury scale) og reiknað út frá því ISS áverkastig. Með þessari kóðun fæst mun ítarlegri greining á alvarleika áverka en notast er við í slysaskrá Umferðarstofu.

Fyrsta yfirferð á gögnum frá LHS leiddi í ljós að tæplega 1200 slasaðir hjólreiðamenn leituðu til LHS á árunum 2000 til 2011, eða að jafnaði um 100 á ári. Ekki mátti greina eins áberandi fjölgun slysa líkt og gögn slysaskrár US gefa til kynna. Við nánari greiningu á gögnum spítalans kom í ljós að nokkuð er um að slasaðir hjólreiðamenn séu ekki skráðir sem slíkir. Af þeim sökum hefur verið gerð ítarlegri leit í skrá spítalans en vinnsla þeirra gagna mun ljúka í janúar 2013.


Ítarleg greining hefur verið gerð á tæplega 1200 slösuðum einstaklingum úr slysaskrá LHS og kom í ljós að 68% þeirra slasast einungis lítillega. Af þessum 1200 þörfuðust um 100 manns innlagnar, eða um 8%.

AIS áverkakóðunarkerfið gengur út á að hver og einn áverki gefur áverkastig frá 1 upp í 6, því hærri tala, þeim mun alvarlegri áverki. AIS 3 eða hærra eru talin vera mikil meiðsli. Líkamanum er einnig skipt upp í áverkasvæði. Reiknað var út ISS áverkastig út frá áverkagreiningunni, þar sem þrjár hæstu áverkarnir á þremur áverkasvæðum eru lagðir saman í öðru veldi. Af þessum tæplega 1200 manns hlutu 68% ISS frá 0 upp í 3. Um 28% fengu ISS á bilinu 4 til 8 og 4% 9 eða hærra. Þess skal þó getið að þessi hlutföll geta átt eftir að breytast þegar búið verður að vinna úr öllum gögnum. Þessar bráðabirgðarniðurstöður gefa þó til kynna að lítið hlutfall slasaðra hjólreiðamanna slasist alvarlega, eða á bilinu 4 til 8%.

Flest hjólreiðaslys gerast á virkum dögum á tímabilinu maí fram í september. Eins verða slysin á virkum dögum flest á milli klukkan 16 og 19.




Mynd 2: Hjólreiðaslys eftir mánuðum.



Mynd 3: Hlutfall hjólreiðaslysa eftir vikudögum.

Um fjórðungur allra sem leituðu á slysadeild LHS vegna hjólreiðaslysa voru drengir á aldrinum 5 – 14 ára. Karlar eru í meirihluta slasaðra í öllum aldurshópum og telja þeir um 70% slasaðra.



Mynd 4: Fjöldi slasaðra hjólreiðamanna eftir aldri.

Bráðabirgðarniðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að þó svo að hjólreiðaslys séu algeng, þá hljótask alvarlegir áverkar af í innan 10% slysa. Niðurstöðurnar leiða einnig í ljós að karlmenn eru í miklum meirihluta slasaðra og börn á aldrinum 0 til 14 ára eru um 35% slasaðra.

Björnskau, T. (1993): „Risiko i vegtrafikken 1991-92“. TØI-rapport 216. TransportØkonomisk institutt, Oslo